

KENNARASAMBAND
ÍSLANDS

Reykjavík, 17. mars 2017

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis), 106. mál.

Eftirfarandi er umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis), 106. mál.

KÍ er andvíggt frumvarpi um að smásala á áfengi verði sett í hendur einkaaðila og að heimildir til auglýsinga á áfengi verði rýmkaðar. KÍ leggur fast að Alþingi að samþykkja ekki frumvarpið.

Íslenskt samfélag hefur náð góðum árangri með forvörnum gegn áfengisneyslu ungmenna undanfarin ár og okkar forvarnarmódel er fyrirmynd margra annarra þjóða í þessum efnum. Þessi árangur hefur náðst með samstilltu átaki og samstöðu þeirra sem koma að velferðar- og hagsmunamálum barna og ungmenna, foreldra, kennara, skóla, félagsamtaka og fleiri aðila sem byggir á þeirri nálgun að litið er á áfengisneyslu ungmenna sem félagslegt og aðstöðubundið mál sem megi breyta með samræmdum aðgerðum margra í nærsamfélaginu og forvörnum er beint að heildinni til að ná til þeirra sem sýna áhættuhegðun.


Mikilvæg forsenda þess árangurs sem náðst hefur í forvarnarstarfi er samstaða um þá stefnu sem er í gildandi áfengislögum um að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og að það verði best gert með því að ríkið annist verslun með áfengi og setji hindranir gegn áfengisauglýsingum. Það er af og frá að áfengi hafi sömu stöðu og hver önnur venjuleg neyslu- og nauðsynjavara sem er til sölu á markaði.

Aukið aðgengi að áfengi með sölu í almennum verslunum og rýmkaðar heimildir til að auglýsa áfengi mun brjóta niður þann árangur sem náðst hefur með forvarnarstarfi síðustu ára og áratuga. Frumvarpið felur í sér afgerandi bakslag í lýðheilsumálum og grundvallarbreytingar á forsendum forvarnarstarfs í landinu. Frumvarpið mun gera foreldrum erfitt fyrir að vinna gegn áhættuhegðun og neyslu barna sinna og torvelda starf kennara, skóla og annarra aðila að því að búa börnum og ungmennum þroskavænlegt og heilsusamlegt umhverfi.

Alþingi ber skylda til að hafa velferðar- og hagsmunamál barna og ungmenna að leiðarljósi í störfum sínum. Það felur í sér að setja hagsmuni barna og ungmenna í fyrsta sæti en ekki þeirra sem vilja áfengi í almennar verslanir og rýmkaðar heimildir til að auglýsa áfengi.

Virðingarfyllt

F.h. Kennarasambands Íslands


Aðalheiður Steingrimsdóttir varðformaður